

Viska
fræðslu og símenntunar-
miðstöð Vestmannaeyja
Ársreikningur
2021

Viska
Ægisgötu 2
900 Vestmannaeyjum
kt. 630103-2230

Viska
fræðslu og símenntunar-
miðstöð Vestmannaeyja
Ársreikningur
2021

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4-5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-14

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáraðila í Visku

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Visku fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Visku í samræmi við alþjóðlegar siðareglur og settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstöðumanns á ársreikningnum

Stjórn og forstöðumaðureru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Visku

Ef við á, skulu stjórn og forstöðumaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Vestmannaeyjum 2. maí 2022.

Deloitte ehf.

Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

Hafsteinn Gunnarsson
endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir skoðunarmenn Visku höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2021. Við höfum fengið þær skýringar sem óskar var eftir og sjáum ekki ástæðu til athugasemda og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Vestmannaeyjum 2. maí 2022.

Ólafur Elísson

Þórhildur Ragna Karlsdóttir

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Visku fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagsins er að starfrækja fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum og tengd starfsemi.

Starfsemin á árinu

Hagnaður (tap) félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	(8.736.699)
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	122.563.918
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	109.301.916
Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	89,2%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	2

Óvissupættir og ytra umhverfi

Áhrif COVID-19 á reikningsskilin eru óveruleg. Stjórnendur hafa tekið tillit til áhrifa COVID-19 á matskennda liði reikningsskilanna, m.a. við mat á virðisrýrnun viðskiptavildar, rekstrarfjármuna og fjárfrafna. Þá hefur verið gripið til sóttvarnaraðgerða sem snúast um að tryggja að félagið verði rekstrarhæft komi til sýkinga á meðal starfsmanna. Nánari upplýsingar er að finna í skýringu 10.

Stofnfjáraðilar

Í lok ársins voru 18 stofnfjáraðilar í félaginu eins og í upphafi árs.

	Hlutdeild	Hlutir
Vestmannaeyjabær	19,4%	300.000
Tölvun ehf.	12,9%	200.000
Þekkingarsetur Vestmannaeyja ses.....	9,7%	150.000
Landsbankinn hf.	6,5%	100.000
Vinnslustöðin hf.	6,5%	100.000
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	6,5%	100.000
HSU	6,5%	100.000
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	6,5%	100.000
Eyjasýn ehf.	3,2%	50.000
Skipalyftan ehf.	3,2%	50.000
VR deild Vestmannaeyja	3,2%	50.000
STAVEY.....	3,2%	50.000
Drífandi, stéttafélag	3,2%	50.000
Verkstjórafélag Vestmannaeyja	3,2%	50.000
FIT	3,2%	50.000
Háskólinn á Akureyri	3,2%	50.000
Samtals.....	100%	1.550.000

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstöðumanns

Að áliti stjórnar og forstöðumanns Visku koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstöðumaður Visku staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Skýrsla stjórnar

Vestmannaeyjum 2. maí 2022.

I stjórn og varastjórn

Arnar Sigurmundsson
stjórnarformaður

Helga Björk Olafsdóttir

Arnar Hjaltalín

Gísli Eiríksson

Lilja Björg Arngrímsdóttir

Unnur Sigmarsdóttir

Aníta Arsælsdóttir

Davíð Guðmundsson

Forstöðumaður

Valgerður Guðjónsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur		44.547.201	61.072.088
Aðrar tekjur		4.994.409	0
Kostnaður vegna námskeiðahalds		(9.002.098)	(13.166.321)
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(30.274.161)	(27.126.853)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(8.458.656)	(9.498.700)
Annar rekstrarkostnaður		(10.863.211)	(6.928.084)
Afskriftir fastafjármuna	6	(1.215.987)	(1.351.725)
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(10.272.503)	3.000.405
Fjármunatekjur		1.604.343	2.451.465
Fjármagnsgjöld		(68.539)	(53.493)
	5	1.535.804	2.397.972
(Tap), hagnaður ársins		(8.736.699)	5.398.377

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	37.205.526	38.421.513
Stofnfé í Þekkingasetri Vm. og Starfsorku		800.000	800.000
		<u>38.005.526</u>	<u>39.221.513</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		619.100	5.580.940
Handbært fé		83.939.292	76.323.079
		<u>84.558.392</u>	<u>81.904.019</u>
Eignir		<u>122.563.918</u>	<u>121.125.532</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnfé	8	1.550.000	1.550.000
Óráðstafað eigið fé		107.751.916	116.488.615
Eigið fé		<u>109.301.916</u>	<u>118.038.615</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		11.200.752	926.320
Aðrar skammtímaskuldir		2.061.250	2.160.597
		<u>13.262.002</u>	<u>3.086.917</u>
Skuldir		<u>13.262.002</u>	<u>3.086.917</u>
Eigið fé og skuldir		<u>122.563.918</u>	<u>121.125.532</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(10.272.503)	3.000.405
Afskriftir		1.215.987	1.351.725
Veltufé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(9.056.516)	4.352.130
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		4.961.840	(5.197.118)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		10.175.085	347.352
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		6.080.409	(497.636)
Innborgaðir vextir og arður		1.604.343	2.451.465
Greiddir vextir		(68.539)	(53.493)
Handbært fé frá rekstri		7.616.213	1.900.336
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	0	(17.735.630)
		0	(17.735.630)
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		7.616.213	(15.835.294)
Handbært fé í upphafi árs		76.323.079	92.158.373
Handbært fé í lok árs		83.939.292	76.323.079

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Viska er sjálfseignarstofnun og starfar á grundvelli laga nr. 33/1999 um sjálfseignastofnanir.

Viska er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Ægisgötu 2, 900 Vestmannaeyjum .

2. Grundvöllur reikningskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningskilum og er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2021	2020
Laun og annar starfsmannakostnaður	30.274.161	27.126.853
Meðalfjöldi stöðugilda	2	2

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2021	2020
Gengishagnaður	(325.860)	742.475
Vaxtatekjur	1.930.203	1.708.990
	<u>1.604.343</u>	<u>2.451.465</u>
 Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Dráttarvaxtagjöld	(2.299)	(337)
Önnur vaxtagjöld	(66.240)	(53.156)
	<u>(68.539)</u>	<u>(53.493)</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	39.285.630	5.239.728	44.525.358
Staða í árslok	39.285.630	5.239.728	44.525.358
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	2.212.209	3.891.636	6.103.845
Afskrift ársins	742.612	473.374	1.215.986
Staða í árslok	2.954.821	4.365.010	7.319.831
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	37.073.421	1.348.092	38.421.513
Bókfært verð í árslok	36.330.809	874.718	37.205.527
Afskriftarhlutföll	2%	20-30%	
Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:		Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Strandvegur 50, 2 & 3 hæð		59.600.000	186.350.000

7. Fjárfestingarverðbréf

	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhluta í öðrum félögum		
Þekkingarsetur Vestmannaeyja ses	300.000	300.000
Starfsorka í Vestmannaeyjum ses.	500.000	500.000
Breyting eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum greinist þannig:	2021	2020
Staða í ársbyrjun	800.000	800.000
Staða í árslok	800.000	800.000

8. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2021	1.550.000	116.488.615	118.038.615
Hagnaður/(tap) ársins		(8.736.699)	(8.736.699)
Eigið fé 31.12.2021	1.550.000	107.751.916	109.301.916

9. Leigusamningar

Félagið hefur gert rekstrarleigusamninga um leigu á fasteignum og tækjum sem ekki eru færðir í efnahagsreikning. Samningsbundinn leigutími er frá 16. janúar 2018 til desember 2023. Gjaldfærðar leigugreiðslur námu 6,6 milljónum króna á árinu (2020: 6,4 milljónir). Taflan hér að neðan sýnir greiningu á lágmarksleigugreiðslum samkvæmt samningum þar sem félagið eru leigutaki. Upphæðir eru ekki núvirtar.

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Innan árs	6.650.238	6.341.370
Eftir ár en innan 5 ára	13.300.476	12.855.552
	<u>19.950.714</u>	<u>19.196.922</u>

10. Áhrif COVID-19 á reikningsskilin

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil félagsins sem óveruleg. Vegna eðlis starfseminnar hefur faraldurinn ekki haft teljandi áhrif á tekjur og afkomu félagsins eða getu þess til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Félagið hefur ekki nýtt sér nein þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa boðið til að mæta áhrifum COVID-19. Stjórnendur hafa metið hugsanleg áhrif á virðisrýrnum efnislegra og óefnislegra eigna og telja að ekki séu til staðar vísbindingar um virðisrýrnum. Þá hefur verið tekið tillit til væntra áhrifa á innheimtanleika krafna sem eru að mati stjórnenda óveruleg

11. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendra mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýttast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættu og ávinnings af eigninni flyst til leigutaka. Eignir í fjármögnunarleigu eru færðar á meðal rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra og skuldbinding við leigusala er þá færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Sundurliðanir

	2021	2020
Rekstrartekjur		
Fjárveiting á fjárlögum	26.300.000	23.573.679
FA v. vottaðra námsleiða, námsráðgjafar og raunfærnimats	10.688.680	19.762.200
Tekjur vegna námskeiða	5.546.521	10.666.209
Styrkur v/ íslenskukennslu f. útlendinga	0	4.810.000
Námskeið v. fjölmenntar, fjarnámsaðstaða og aðrar tekjur	1.212.000	2.260.000
Styrkir vegna námskeiða fyrir einstaklinga með fötlun	800.000	0
	<u>44.547.201</u>	<u>61.072.088</u>
Aðrar tekjur		
Húsaleiga Strandvegur 50	4.994.409	0
	<u>4.994.409</u>	<u>0</u>
Kostnaður vegna námskeiðshalds og ráðgjafar		
Kennsla á námskeiðum	5.540.365	9.842.912
Annar kostnaður vegna námskeiða	182.452	383.121
Kaffistofukostnaður v/ námskeiða og fjarnáms	253.131	561.290
Prentun námsvísu og námsgögn vegna námskeiða	757.500	494.932
Auglýsingar	544.000	868.457
Ferða og upphaldskostnaður	120.800	19.100
Kostnaður vegna FS net	229.504	152.289
Útskriftir á vegum Visku	25.296	65.110
Yfirseta	883.050	515.100
Kostnaður v/raunfærnimats og námsráðsgjaf	466.000	264.010
	<u>9.002.098</u>	<u>13.166.321</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður		
Vinnulaun	23.396.952	21.222.066
Önnur laun	0	10.859
Bifreiðastyrkir	674.600	729.600
Tryggingagjald	1.650.644	1.569.414
Lífeyrissjóður	2.988.165	2.735.878
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður	778.999	677.192
Slysatryggingar starfsfólks	121.882	117.692
Námskeið og endurmenntun starfsmanna	110.303	0
Annar starfsmannakostnaður	552.616	64.152
	<u>30.274.161</u>	<u>27.126.853</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Fæðis- og kaffikostnaður	171.570	153.800
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	1.588.991	1.984.575
Sími	589.359	382.348
Burðargjöld	2.666	26.090
Pappír, prentun og ritföng	121.685	362.282
Endurskoðun og reikningsskil	1.263.870	1.237.024
Þjónusta ÞSV og önnur sértæk þjónusta	4.033.029	4.526.318
Annar kostnaður	268.821	0
Félagsgjöld	317.000	315.300
Annar kostnaður	101.665	510.963
	<u>8.458.656</u>	<u>9.498.700</u>

Sundurliðanir

Annar rekstrarkostnaður

Húsaleiga, orka, ræsting oþh.	6.650.238	6.341.370
Rafmagn og hiti	1.568.699	0
Viðhald húsnæðis	234.968	0
Ræsting og hreinlætisvörur	0	21.317
Vátryggingar húsnæðis	269.715	164.980
Fasteignagjöld	1.276.687	0
Tæki og búnaður	538.991	130.901
Viðhald áhalda og tækja	230.980	90.790
Ferðakostnaður innanlands	74.633	87.004
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur	0	73.822
Útvarpsgjald	18.300	17.900
	<u>10.863.211</u>	<u>6.928.084</u>

Viðskiptakröfur

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Innlendar viðskiptakröfur	619.100	5.580.940
	<u>619.100</u>	<u>5.580.940</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	78.683.013	70.740.940
Óbundnar bankainnstæður í erlendri mynt	5.256.279	5.582.139
	<u>83.939.292</u>	<u>76.323.079</u>

Viðskiptaskuldir

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Innlendar viðskiptaskuldir	11.200.752	926.320
	<u>11.200.752</u>	<u>926.320</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Ógreidd laun og launatengd gjöld	0	915.147
Skuldbinding vegna fyrirframinnheimtar tekna vegna FA	2.059.140	1.245.450
Ógreiddir reikningar	2.110	0
	<u>2.061.250</u>	<u>2.160.597</u>